

Því dæmist rétt vera:

Bæjarþingsdómurinn á að vera óraskaður, þó þannig, að vararefsingin ákveðst 4 daga einfalt fangelsi. Áfrýjandinn, Valdimar Asmundsson, greiði stefnda Davíð Östlund í málskostnað fyrir yfirdómi 20 krónur.

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirtingu hans, sæti ella aðför að lögum.

Nr. 28/1900: Hannes Thorsteinsson fyrir hönd
Thor E. Tulinius stórkaupmanns
gegn
Benedikt S. Þórarinssyni.

D ó m u r:

Mál þetta var í héraði höfðað af áfrýjandanum cand. jur. Hannesi Thorsteinson fyrir hönd stórkaupmanns Thor E. Tulinius í Kaupmannahöfn, gegn stefnda kaupmanni í Reykjavík Benedikt S. Þórarinssyni, til innheimtu á skuld að upphæð 80 kr. 11 a., er Tulinius, er hafði verið verzlunarerindreki stefnda árið 1898, taldi sig eiga ógreidda hjá stefnda frá þeim viðskiftum. Var málið dæmt á bæjarþingi Reykjavíkur 8. febrúarmán. f. á. með þeim úrslitum, að stefndi var dæmdur til að greiða áfrýjanda 74 kr. 82 a. með 6% vöxtum frá 1. júlí 1899 til borgunardags, og málskostnaður látinn falla niður.

Þessum dómi hefir áfrýjandinn skotið til yfirdómsins með stefnu, dags. 4. ág. f. á., og krafist

Þess að bæjarþingsdómurinn verði staðfestur, og stefndi dæmdur til að greiða áfrýjanda málskostnað fyrir yfirdómi. Svo hefir hann og krafist, að nokkur ummæli í varnarskjali stefnda fyrir yfirdóminum verði dæmd dauð og marklaus, og hann sektaður fyrir þau. Hinn stefndi, sem hefir gagn-áfrýjað málinu, með stefnu, dags. 29. ágúst f. á. og fengið leyfisbréf til að leggja fram ný skjöl og skilríki í því, hefir á hinn bóginn krafist þess, að verða dæmdur sýkn af kærnum og kröfum áfrýjandans, og að áfrýjandinn verði dæmdur í málskostnað fyrir undir- og yfirrétti, alt að 120 kr., og í sekt fyrir nokkur ummæli um sig í sóknarskjali fyrir bæjarþingsréttinum, og að ummæli þessi verði dæmd dauð og ómerk. Og loks hefir stefndi síðar í málinu krafist, að Thor E. Tulínus verði sektaður fyrir rangar fjárkröfur á hendur sér.

Áfrýjandinn hefir í lok málsfærslunnar fyrir yfirdóminum kannast við það, að hin umkrafa skuld eigi að færast niður um 52 kr. 64 a. fyrir endursend ílát (tómar flöskur og poka) frá stefnda, sem stefndi hefir í málinu frá upphafi þess haldið fram að vantaði að færa til inntektar í reikningi áfrýjanda, en áfrýjandi eigi þózt hafa fengið, enda hafði stefndi nú fyrir yfirdóminum fært fullar sönnur á, að áfrýjandi hefði veitt ílátum þessum viðtöku. Af skuldakröfu áfrýjanda á hendur stefnda koma þannig eigi til greina lengur nema 22 kr. 18 aurar, en af þeirri kröfu virðist stefndi þó einnig eiga að sýknast. Í þessu tilliti skal

það tekið fram, að vantaldar eru í reikningi áfrýjanda 6 kr., andvirði fyrir 15 tóma endursenda poka, sem áfrýjandi hefir játað að hafa tekið við, en eigi þózt skyldur að kaupa aftur af stefnda; en áfrýjandi verður nú, með því að telja framangreindar 52 kr. 64 a. stefnda til inntektar, að nokkrum hluta fyrir sams konar poka, að álitast hafa kannast við, að stefndi hafi haft rétt til að heimta einnig endurgjald fyrir þessa poka, og gat áfrýjandi eigi komið sér undan endurgjaldi þessu, með því að afhenda pokana manni í Kaupmannahöfn, sem eigi virðist hafa haft heimild til að taka við þeim fyrir hönd stefnda.

Þá hefir áfrýjandi, eftir því sem stefndi hefir haldið fram, talið stefnda ranglega til skuldar 21 kr. 10 a. fyrir vinnu og flutning á vörum, sem áfrýjandi keypti fyrir hann í Kaupmannahöfn, og hefir stefndi fullyrt, að áfrýjandi muni eigi hafa greitt þennan kostnað af hendi fyrir sína bönd, með því að venja sé, að seljandi annist flutning vörunnar til skips eða þangað sem þarf, og hefir áfrýjandi eigi mótmælt þessari skýrslu stefnda nægilega. Það verður því einnig að fella þessa upphæð úr reikningi áfrýjanda.

Samkvæmt því sem hér er tekið fram, hefir aðaláfrýjandi enga réttmæta skuldakröfu á hendur stefnda (gagnáfrýjanda), þó að eigi sé tekið tillit til annara upphæða í gagnreikningi stefnda, en hinna ofantöldu, og ber því að sýkna stefnda algjörlega af skuldakröfu áfrýjanda á hendur honum í þessu máli. Með tilliti sérstaklega til þess

kostnaðar, er áfrýjandi hefir bakað stefnda með neitun sinni um, að hafa veitt móttöku ílátum þeim, er fyr er getið, en sannanir í því efni þurfti að sækja til Kaupmannahafnar, og kaupa leyfisbréf til að koma þeim fram, þá þykir rétt, að áfrýjandi greiði stefnda í málskostnað fyrir undir- og yfirrétti 80 krónur.

Það þykir eigi ástæða til að taka til greina kröfur málspartanna um ómerking ummæla, er þeir hafa haft hvor um annan í málsskjölunum, og um sektir fyrir þau.

Því dæmist rétt vera:

Stefudi Benedikt S. Þórarinsson kaupmaður á fyrir kröfum og kærur áfrýjanda Hannesar Thorsteinson fyrir hönd Thor. E. Tulinius stórkaupmanns, í þessu máli sýkn að vera. Áfrýjandinn Hannes Thorsteinson fyrir hönd Thor. E. Tulinius, greiði stefnda í málskostnað fyrir undir- og yfirrétti 80 — áttatíu — krónur, er lúkist innan 8 vikna frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri lagaáðför.

Nr. 29/1900: Bogi Magnússon í Rauðseyjum
 gegn
 forstöðumanni Leonhard Tangs
 verzlunar í Stykkishólmi.

D ó m u r:

Skuldamál þetta hefir áður verið fyrir yfir-